



Oddeyrarskóli Tengja

4. tölublað
skólaárið
2012-2013

Desember

Skemmtilegar heimsóknir í skólann—rithöfundar



Við höfum fengið nokkrar skemmtilegar heimsóknir rithöfunda í nóvember.

Nemendur í 1.-4. bekk fengu **Brynhildi Þórarinsdóttur** í heimsókn, en hún las

úr nýrri bók sinni, *Blávatnsorminum*. Nemendur höfðu mjög gaman af heimsókninni og höfðu margt skemmtilegt að segja við Brynhildi.

Fjörkálfurinn **Gunnar**

Helgason heimsótti nemendur í 4.-7. bekk og las fyrir þá upp úr nýrri bók sinni sem heitir *Aukaspyrna á Akureyri*.



Þorgrímur Þráinsson

heimsótti nemendur 10. bekkjar á dögnum og ræddi við þá um lífið og tilveruna, mikilvægi þess að bera ábyrgð á eigin lífi og árangri og að elta drauminn. Einnig um það hvernig hægt er að eflast

við mótlæti, nýta hvert augnablik til hins ýtrasta, daglega framkomu og falleg samskipti.

Þá ræddi hann um það að bera virðingu fyrir foreldrum sínum, hvernig nemendur geta farið út fyrir þægindahringinn og öðlast hugrekki. Að lokum ræddi hann við nemendur um það hversu hættulegt er að reykja og nota vímuefni. Nemendur settu sér skrifleg markmið og eiga að vinna í þeim áfram.

Í sömu ferð hitti Þorgrímur nemendur miðstigs og las upp úr nýrri bók sinni, *Krakkinn sem hvarf*.

Við þökkum öllu þessu skemmtilega fólki fyrir heimsóknina, þetta kryddar tilveruna hjá okkur í skólanum, auk þess að glæða áhuga nemenda á bóklestri.



Úrslit í 100 miða leik

Mikill áhugi ríkti meðal nemenda á 100 miða leiknum og lögðu flestir nemendur sig alla fram um að fylgja skólareglum og sýna þrúðmannlega framkomu meðan á leiknum stóð. 100 nemendur fengu stjórnun frá starfsmönnum skólans og fóru þá með stjórnuna til ritara þar sem þeir drógu númer úr potti. Heppnin var með þeim nemendum sem voru með númer sem enduðu á 5 (5, 15, 25 o.s.frv.), en þeir nemendur fóru með Kristínu skólastjóra og Rannveigu deildarstjóra í keilu síðasta fimmtudag. Hinir heppnu voru Elsa í 10. bekk, Sigga í 9. bekk, Egill og Tinna í 8. bekk, Hákon Ingi og Sophie í 7. bekk, Heiðar Gauti í 5. bekk og Dagur og Hugrún í 4. bekk.



Leiðsagnarmat—foreldraviðtöl

Nú er fyrra leiðsagnarmat vetrarins afstaðið og var því fylgt eftir með foreldraviðtölum. Hingað til hefur verið þriggja anna kerfi í skólanum þar sem nemendur hafa fengið námsmat í formi einkunna og umsagna í nóvember, febrúar og júní. Þess á milli var miðannarmat í formi leiðsagnarmats. Í haust tóku kennarar og stjórnendur ákvörðun um að hætta með lokamat í nóvember og febrúar en í stað þess að vera með leiðsagnarmat á þessum tíma. Eftir sem áður fá nemendur lokamat í formi einkunna í júní. Við vonum að nemendur og foreldrar séu sáttir við þetta fyrirkomulag. Við hvetjum foreldra til að vera í góðu samstarfi við kennara þess á milli til að fylgjast með framvindu náms hjá börnum sínum.



Jólahald í desember

Í desember eru skóladagarnir oft með breyttu sniði. 30. nóv var spiluð félagsvist hjá mið- og unglingastigi. Yngstu nemendur skólans spiluðu líka ýmis skemmtileg spil.

13. des. ætlum við svo að gera laufabrauð. Hver nemandi sker eina köku og fer síðan með hana í eldhúsið þar sem hún verður steikt. Þetta er skemmtileg hefð sem gaman er að halda í. Nemendur geta ráðið því hvort þeir borða laufabrauðið með hádegismatnum eða fara með það heim.

Litlu jólin verða síðan haldin hátíðleg fimmtudaginn 20. desember.

Innleiðing nýrrar aðalnámskrár

Starfsmenn Oddeyrarskóla halda nú áfram vinnu við að innleiða nýja aðalnámskrá grunnskóla og gera drög að nýrri skólanámskrá sem tekur mið af aðalnámskrá. Öflun gagna hefur staðið yfir og meðal gagna sem við höfum undir höndum er mat foreldra/ forráðamanna á ýmsum þáttum í skólastarfinu og mat nemenda sem kom fram í leiðsagnarmati. Önnur gögn sem unnið verður út frá eru niðurstöður samræmdra könnunarprófa og niðurstöður úr skólapúlsinum. Út frá þessu vinna starfsmenn í hópum við að vinna hugmyndir að nýrri stefnu og sýn skólans. Stefnt er að því að kynna drög að nýrri skólanámskrá í vor.

Spurningakeppni grunnskólanna

Oddeyrarskóli tekur þátt í spurningakeppni grunnskólanna, en keppnin er nú haldin á landsvísu í annað sinn. Undankeppnin var haldin í nóvember og er Oddeyrarskóli kominn í 16 liða úrslit á landsvísu. Liðið mun keppa aftur fljótlega á nýju ári. Í liðinu eru Lúkas Björn Bogason, Magni Þrastarson og Hákon Jónsson. Varamenn liðisins eru Alfreð Steinmar, Sigtryggur og Agnes.



Við óskum þessu duglega liði innilega til hamingju með frábæran árangur og óskum þeim góðs gengis í 16 liða úrslitum :)


Niðurstöður samræmdra könnunarprófa

Nú eru niðurstöður samræmdra könnunarprófa komnar í hús. Í töflunum hér að neðan má sjá útkomu Oddeyrarskóla í samanburði við meðaltal skóla á Norðurlandi eystra og á landinu öllu.

	4. bekkur		7. bekkur		10. bekkur		
	ísl	stæ	ísl	stæ	ísl	stæ	ens
Oddeyrarskóli	6,6	6,3	5,5	5,5	5,8	5,4	6,0
Norðurland eystra	6,1	6,8	6,5	6,6	6,2	6,1	6,3
Landið allt	6,1	6,9	6,6	6,9	6,4	6,5	6,6

Kennarar eru að skoða niðurstöðurnar og einstaka þætti hennar. Niðurstöður eru ræddar í kennarahópnum með tilliti þess að leita leiða til að ná betri árangri.

Tilgangur samræmdra könnunarprófa er að kanna stöðu nemenda og nýta niðurstöður til umbóta og munum við í Oddeyrarskóla gera það.



Starfsfólk Oddeyrarskóla óskar öllum nemendum og foreldrum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum allt liðið!